

## Tillaga til þingsályktunar

um stórframkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller,  
Katrín Fjeldsted, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera úttekt á jarðgangakostum, mögulegum brúamannvirkjum og öðrum stórframkvæmdum sem ráðast þarf í á næstu árum í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu. Úttektin feli jafnframt í sér kostnaðar- og arðsemismat á framan- greindum framkvæmdum.

Ráðherra skal í samráði við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gera tillögu að forgangs- röðun þessara verkefna.

Úttektin ásamt tillögu um forgangsröðun verkefna verði lögð fyrir Alþingi í síðasta lagi 1. nóvember 2003.

### Greinargerð.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að því að ráðist verði í vinnu sem nauðsynleg er til að unnt sé að öðlast heildaryfirsýn yfir nauðsynlegar stórframkvæmdir í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum og áratugum.

Mikilvægi greiðra samgangna á þessu svæði er öllum ljóst. Sú vinna sem tillagan gerir ráð fyrir er forsenda þess að unnt sé að móta skýra stefnu um framkvæmdir í vegagerð á svæð- inu.

Jarðgangaáætlun sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi fyrir árin 2000–2004 náði eingöngu til jarðganga á landsbyggðinni. Þörfin fyrir jarðgöng eða sambærilegar stór- framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu er þó síst minni en þar og eykst með hverju árinu sem líður.

Tillagan tekur ekki aðeins til jarðganga heldur einnig til brúagerðar og annarra stór- framkvæmda, svo sem mislægra gatnamóta og tvö- og þrefaldra akbrauta. Verkefnin eru fjöl- mörg og verður ekki reynt að telja þau upp í þessari greinargerð.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að ráðist verði í kostnaðar- og arðsemismat á einstökum fram- kvæmdarkostum. Ljóst er að mikill kostnaður er við einstakar framkvæmdir, t.d. svokallaða Sundabraut. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að arðsemi þessara framkvæmda sé mikil og meiri en gerist og gengur um sambærilegar framkvæmdir annars staðar á landinu.

Auknar framkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu eru ekki aðeins brýnar vegna þess gífurlega umferðarþunga sem er á svæðinu og eykst stöðugt heldur eru þær ekki síður mikilvægar til að bæta umferðaröryggi. Betri samgöngumannvirkjum fylgir aukið umferðar- öryggi.

Umhverfisþættir vega hér einnig þungt. Mengun sem rekja má beint til þess að umferðar- mannvirki anna ekki umferðarþunganum er mikil. Langar raðir bifreiða í hægagangi menga

meira en margan grunar. Geiðari samgöngur og stytting vegalengda er því brýnt umhverfismál.

Gert er ráð fyrir að úttekt þessi sem og kostnaðar- og arðsemismat, ásamt tillögu um forgangsröðun verkefna, verði lögð fyrir Alþingi í síðasta lagi 1. nóvember 2003. Er gert ráð fyrir að þessi vinna nýtist við undirbúning að fyrstu endurskoðun fjögurra ára samræmdrar samgönguáætlunar.